

Kveðja frá forstjóra

Gæðin skapa traust

Traust landsmanna á framleiðsluvörum kúabænda og mjólkuriðnaðarins er bændum mikilvægara en flest annað. Þetta traust er sameign bænda og um hana verða þeir að standa vörð saman – allir sem einn.

Neytendur vilja fyrsta flokks mjólkurvörur framleiddar við bestu mögulegu kringumstæður. Til þess treysta þeir íslenskum bændum og fagfólki mjólkuriðnaðarins. Þetta traust byggir á því að mjólkinn okkar er framleidd í íslenski sveit, þar sem aðbúnaður búfjár er góður, aðgangur að hreinu og ómengdu lindarvatni og fóðrun sem að uppistöðu til byggir á heyöflun. Þetta er ímynd íslensks kúabúskapar og það er brýnt að veruleikinn sé í samræmi við ímyndina. Þegar fram koma undantekningar frá þessu er brýnt að við bregðumst hratt við og af festu.

Á fulltrúafundi Auðhumla fyrir jól var í vinnuhópum varpað fram þeirri spurningu hvort samvinnufyrirtæki bænda, ættu að gera ákveðnari kröfur um umgengni og aðbúnað á sveitabýlum. Þessu var varpað fram áður en fréttir bárust og myndir birtust af slæmum aðbúnaði á einu tilteknu kúabúi. Svar fulltrúanna á fundinum var eindregið já. Og það má segja að viðbrögð almennra bænda við fréttafloptningi og myndbirtingum undanfarnar vikur hafi verið einróma af sama toga. Þessi viðbrögð komu einnig ítrekað fram á deildafundum Auðhumla sem haldnir voru í marsmánuði.



Þar var augljóst að bændum er vel ljóst að velsæld þeirra er háð trausti neytenda. Þar kom líka afar skýrt fram að þeir vildu vera þessa trausts verðir.

Fram til þessa hafa mjólkurviðskipti fyrst og fremst byggst á því að viðkomandi framleiðandi hafi opinbert leyfi til framleiðslu og að líftölu- og gerlamælingar sýni gildi innan tilgreindra marka. Í Skandinavíu er nú gengið lengra og auk þessara þátta er metin umgengni á búum og meðferð á skepnum. Þetta kom meðal annars fram í erindi Snorra Sigurðssonar á aðalfundi Landssambands kúabænda á Egilsstöðum í lok mars. Þetta eru matskenndir þættir sem erfiðara er að byggja á, en engu að síður skipta þeir neytendum máli og því virðist augljóst að til þeirra verður í vaxandi mæli horft hér. Hér skipta líka máli ný lög um dýravelferð sem samþykkt voru á nýafstöðnu þingi. Þau skapa eftirlitsaðilum mun sterkari stöðu til inngripa. Það má því til dæmis búast við ákveðnari afstöðu og aðgerðum Matvælastofnunar þar sem eitthvað fer úrskeiðis. Því er mikilvægt fyrir afurðafyrirtæki bænda að fylgjast vel með þar sem einhverjar líkur eru á slíkum inngripum sem geta skaðað heildarímyndina.

Auðhumla og Mjólkursamsalan standa vörð um stöðu mjólkurafurða á markaði og ímynd þeirra í huga neytenda. Félögin munu taka af festu á öllu sem getur haggja þeirri traustu stöðu sem mjólkurvörur hafa nú. Félögin munu móta nýjar reglur og viðskiptaskilmála til að treysta þessa stöðu og hafa um það samráð við alla aðila sem að þessari framleiðslu koma, bæði eftirlitsstofnanir og fyrirtæki. Það eru fyrst og síðast heildarhagsmunir kúabænda sem stýra þeirri vinnu.

Nýjungar í drykkjarmjól til að spyrna gegn samdrætti í neyslu

Mjólkursamsalan er að setja upp á Selfossi stærstu pökkunarstöð fyrir drykkjarmjól sem starfrækt hefur verið á Íslandi. Selfossstöðin mun þjóna um 80% markaðarins og þar verða pökkunarvélar sem geta sett mjól á mikið úrval pakkinga af ýmsum stærðum og gerðum. Með þessu vinnur félagið að tveimur meginmarkmiðum, annars





alla mjólk á fullu afurðastöðvarverði, en fyrir hluta framleiðslunnar fæst einungis útflyttingsverð, sem er nú innan við helmingur af afurðastöðvaverðinu. Þegar framleiðslan dregst aðeins saman hefur það jákvæð áhrif á afkomuna því þá greiðir félagið með færri lítrum í útflytningi. Þessi afkomubreyting gengur síðan í hina áttina á síðari hluta ársins.

Verðhækkun á umfram mjólk

Á fundi stjórnar Auðhumla og Mjólkursamsölunar í síðustu viku var samþykkt að hækka greiðslur fyrir umfram mjólk um 9 – 10%. Fyrir sem svarar fyrstu tveimur prósentum af greiðslumarki hvers og eins verða greiddar 42 króna. Fyrir aðra umfram mjólk verða greiddar 36 krónur. Þetta verð gildir á tímabilinu 1. apríl til 30. júní. Þá verður ákvarðað nýtt verð með hliðsjón af þróun á heimsmarkaði fyrir mjólkurafurðir. Það verð getur bæði hækkað og lækkað frá því sem nú hefur verið ákveðið.



Um 80% af próteinútflytningi Mjólkursamsölunnar er í formi undanrennudufts, en um 20% er flutt út sem skyr. Skyr gefur betur af sér en fyrirtækið fullnýtti kvóta til útflyttings til Evrópusambandsins og ekki eru horfur á að skyrútflytningur þangað verði meiri 2013 en var 2012. Leitað hefur verið eftir samingum við ESB um aukinn kvóta og viðræður um það hafa staðið um nokkurra mánaða skeið.

vegar að þjóna markaðnum með fjölbreytt vöruúrval og pakningar og hins vegar því að hagræða í vinnslunni og treysta drykkjarmjólk í sessi í samkeppni við aðrar drykkjarvörur.

Mjólkurdrykkja hefur minnkað á Íslandi líkt og annars staðar á vesturlöndum. Þessi samdráttur hefur verið svipaður hér. Árið 2012 var sala á drykkjarmjólk um 3,4% minni en árið áður. Það er reyndar svipaður samdráttur og á drykkjarvörumarkaði í heild. Mjólkinn hefur þannig haldið hlutdeild sinni í markaðnum í samanburði við safu, gosdrykki og vatn á flöskum. Það skiptir hinsvegar miklu fyrir Mjólkursamsöluna og kúabændur að reyna að sporna gegn þessari þróun. Það gerir félagið með því að þróa nýjar vörur og nýjar umbúðir sem henta nýrri og breyttri samfélagsmynd og nýjum neysluvenjum. Uppbyggingin á Selfossi skapar betri forsendur en félagið hefur áður haft til að þróa nýjar drykkjarvörur. Í fyrra kom á markaðinn D vítamínbætt léttmjólk í litersumbúðum með tappa. Í mars á þessu ári var sett á markað súkkulaðimjólk í hálfis liters umbúðum. Hvorutveggja var mjög vel tekið og í sumar setur MS laktósafríta mjólk á markað fyrir fólk sem er með svokallað mjólkuróþol. Í undirbúningi eru síðan fleiri bragðbættar drykkjarvörur. Venjuleg nýmjólk og aðrar hefðbundnar tegundir verða einnig boðnar í fjölbreyttari og þægilegri umbúðum.

Fyrsti ársfjórðungur byrjar eins og að var stefnt

Horfur í starfsemi Mjólkursamsölunnar á fyrsta ársfjórðungi eru mjög eftir áætlunum félagsins. Salan er ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og kostnaður í rekstrinum er innan marka sem sett voru. Afkoman fyrstu mánuðina er nokkuð betri en í fyrra, sem rekja má til þeirra þátta sem nefndir voru og þess að á þessum fyrstu mánuðum var framleiðsla kúabænda tæpum tveimur prósentum minni en á sama tíma í fyrra. Á þessum árstíma er félagið að kaupa



Á meðfylgjandi myndum sést verðþróun á undanrennudufti og smjöri á heimsmarkaði undanfarnir fimm ár. Frá því verð fyrir umfram mjólk var síðast ákvarðað sl. haust og fram til loka marsmánaðar hefur heimsmarkaðsverð hækkað um u.þ.b. 10%. Fréttir af uppboðum á undanrennudufti í byrjun apríl benda til þess að markaðurinn muni enn styrkjast á næstu vikum og mánuðum.

Á árinu 2012 var umfram mjólk um 10,1 milljón lítra. Að auki flutti Mjólkursamsalan út af birgðum sem nam 3,4 milljónum lítra. Það var mest ostur. Heildarútflytningur var því um 13,5 milljónir lítra. Það er afar misjafnt hve mikla umfram mjólk framleiðendur hjá Auðhumla framleiða. Af 614 framleiðendum framleiddu 300 nær alla umfram mjólk eða 93%.

Með kveðju,
Einar Sigurðsson, forstjóri